

# Plastið í pokann!



Ágæti íbúi.

Nú gefst einstakt tækifæri til að stuðla að aukinni endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu. SORPA og Seltjarnarnes taka höndum saman um tilraunaverkefni um stórauðna endurvinnslu á öllum plastumbúðum sem til falla á heimilum í sveitarfélaginu.

Árlega fara um **30 kg af plasti** í urðun frá hverjum íbúa á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt rannsókn SORPU á heimilisúrgangi.

Aðeins um 1-2 kg af því plasti sem til fellur hjá íbúum, skilar sér nú flokkað í endurvinnslu-farveg. Markmiðið er að auka magnið í 15 kg á íbúa á Seltjarnarnesi. Því leitum við til þín um þátttöku í verkefninu.

## Hvernig flokkum við plastumbúðirnar?

Meðfylgjandi eru plastpokar sem ætlaðir eru undir hreinar plastumbúðir. Pokarnir eru rif-gataðir svo þeir springi ekki á leið sinni til endurvinnslu.

**Athugið að mjög mikilvægt er að pokarnir séu ekki notaðir undir annan úrgang en plast! Ef önnur efni en plast eru í pokunum fara þau með í endurvinnslufarveginn og gera plastið óhæft til endurvinnslu.**



## Við flokkum plastið frá öðrum úrgangi

Sorphirðubílar á vegum Seltjarnarness flytja efni gráu tunnunnar í móttökustöð SORPU í Gufunesi. Þar eru pokarnir með plastinu flokkaðir frá öðrum úrgangi með vélum. Plastið er síðan baggað og sent til Svíþjóðar í endurvinnslu. Þar er það flokkað eftir plasttegundum, hreinsað, malað og svo nýtt sem hráefni í margvíslegar nýjar plastvörur.

## Hvað þegar pokarnir klárast?

Hægt verður að nálgast fleiri poka undir plastið í Íþróttamiðstöðinni á Seltjarnarnesi og er það íbúum að kostnaðarlausu. Afgreiðslan er opin virka daga frá 8-22 og 9-18 um helgar. Gert er ráð fyrir að 3-4 pokar verði afhentir í hvert skipti.

## Markmið verkefnisins

Verkefnið stendur yfir í eitt ár og verður framvindan kynnt íbúum reglulega. Markmiðið er að meta gæði og magn plasts sem berst frá sveitarfélaginu til endurvinnslu og kostnað sem fellur til vegna meðhöndlunar þess. Niðurstaða verkefnisins mun nýtast SORPU og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til ákvarðana um framtíðarlausnir á söfnun plastefna.

Taktu þátt í verkefninu og gefðu plastumbúðunum áframhaldandi hlutverk í hringrás efna.

### Plastumbúðir eru til dæmis:

Sjampóbrúsar, tómatsósuflöskur, plastbakkar undan matvöru, plastilát undan mjólkurdrykkjum og hreinsivörum, jógúrt dósir, snakkpokar, plastfilma, plastpokar, umbúðir úr frauðplasti o.s.frv.

Pokarnir eru til í tveimur stærðum, **120 lítra og 30 lítra**. Minni pokarnir eru ætlaðir þeim sem nota sorprennur í fjölbýlishúsum.

Fyrir hvert kg af plasti sem fer til endurvinnslu sparast um **2 kg af olíu**.

Ávinningurinn:

- Minni loftmengun og orkunotkun.
- Betri nýting náttúruauðlinda.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við SORPU eða Seltjarnarnesbæ eftir því sem við á.

🌐 [sorpa.is](http://sorpa.is)  
☎ 520 2200

🌐 [seltjarnarnes.is](http://seltjarnarnes.is)  
☎ 595 9100



SELTJARNARNESBÆR

**SORPA**  
ÁRANGUR Í UMhverfismálum